

Hvorki nú né þá fyrir rödd og flautu var samið sérstaklega fyrir Hönnu Dóru Sturludóttur og Martial Nardeau sem frumfluttu verkið á tónleikum sem haldnir voru í Salnum í Kópavogi 22. október 2019. Það er í 3 köflum við 3 kvæði eftir Önnu S. Snorradóttur (1920-2009). Öll kvæðin eru úr ljóðabókinni *Í hentugum tíma* (útg. 2008).

Í morgunsárið

Þessi morgunskíma
sem stekkur inn
milli gluggatjalda
alla leið inn á gólf
og snýst þar
eins og skopparakringla
er upphaf.

Enginn veit framhaldið
hvorki nú né þá.

Spurðu ekki

Spurðu ekki
þegar þú ferð:

Hvenær?

Tímalaus andrá
ætlast ekki til þess
heldur ekki konan
sem elskaði þig.

Spurðu ekki:

Hvert?

Þótt tár hrynji.

Hjartað vill frið
eins og fossinn
í hlíðinni
sem enginn spyr.

Svartar perlur

Undir þakskeggi
á gömlum skúr
kúrði fugl
hræddur lítill fugl.

Tæpast vorkunnsemi
þótt ég varaði hann við.
„Farðu,“ sagði ég,
„hér er hætta
á ferðum.“

Hann horfði á mig
óttasleginn
augun eins og
svartar perlur
tillitið umkomulaust.

Var það ég
sem var hrædd?
Hann átti
allan himininn.